



# Byggðasafn verður til

Byrjað var að safna menningarminjum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu árið 1956 er Ragnar Ásgeirsson fór um sveitirnar og safnaði munum, alls 500 gripum. Ragnar var þá ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og var það í tengslum við það starf sem hann hóf að safna þjóðlegum minjum í sveitum landsins. Árið 1969 fór svo Magnús Gestsson svipaða söfnunarferð um svæðið og safnaði 500 gripum í viðbót. Magnús skráði munina 1000 og ritaði formála að skránni. Magnús var frá Ormsstöðum í Dalasýslu og gerðist kennari og safnvörður í Dölum. Hann sinnti alla tíð söfnun og safnvörslu. Þetta söfnunarátak sem skilaði 1000 safngripum markar upphaf Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla en stofnárið telst vera 1956. Safnkostur var geymdur á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi um alllangt skeið meðan beðið var eftir hentugu húsnæði.

Að frumkvæði byggðasafnsnefndar ákvað sýslunefnd Snæfellinga að kaupa Norska húsið árið 1970 með það fyrir augum að gera það að byggðasafni. Í byggðasafnsnefnd áttu sæti þeir Gunnar Guðbjartsson, Karl Magnússon og Bjarni Sigurðsson, síðar í ferlinu átti sæti í nefndinni Ágúst Bjartmars. Ljóst var að mikið þurfti að gera fyrir húsið og þetta sama ár hafði nefndin samband við Þjóðminjavörð, Þór Magnússon, og óskaði eftir leiðsögn og liðsinni við viðgerðir svo húsið kæmist í sem upprunalegast horf. Þjóðminjavörður fól Herði Ágústssyni listmálara umsjón með verkinu. Líklega var það mikið happ fyrir aðstandendur Norska hússins því Hörður hafði einstakan áhuga á húsvernd og húsinu sjálfu. Hann lagði mikla áherslu á að vanda til verka því hann taldi að Norska húsið og vinnan við endurgerð þess yrði fyrirmynd fyrir önnur hús er gera skyldi

upp í framtíðinni. Hafa verður í huga að á þessum árum var húsvernd fremur nýtt hugtak á Íslandi.

Framkvæmdum á húsinu lauk að mestu árið 1987 og var það opnað almenningi við hátíðlega athöfn að viðstöddum forseta Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttur. Árið 1991 var fyrsti forstöðumaður safnsins ráðinn og opnað fyrir sýningar. Síðar meir var ákveðið að sýna hvernig híbýli auðugar fjölskyldu í nýmynduðu þéttbýli hefðu litið út. Opnaði sú sýning árið 2001 og er nú fastasýning safnsins. Leitast var

við að gefa sem gleggsta mynd af heimili þeirra Árna Thorlacius og Önnu konu hans. Steinþór Sigurðsson sem var einn af hönnuðumsýningarinnar og sjálfurfæddur í Norska húsinu safnaði húsgögnum fyrir sýninguna og sá um uppröðun þeirra.

Safnkostur í heild telst nú vera um 6000 gripir, aðallega frá fyrri hluta 20. aldar. Sérstök áhersla er lögð á að safna gripum af svæði safnsins og ekki síst þeim er tengjast verslun, sjósókn og eyjabúskap. Einnig er öllu safnað er varðar Norska húsið og íbúa þess á 19. og 20. öld.

## The regional museum

Collection of heritage artefacts began in the district of Snæfellsnes- and Hnappadalssýsla in 1956, when agricultural adviser Ragnar Ásgeirsson began putting together a collection that eventually numbered around 500 objects during his travels through the rural areas. In 1969 Magnús Gestsson, a carpenter and avid local historian, added an equal number of artefacts on a mission to collect further pieces. He compiled a register of the artefacts with an introduction. Magnús hailed from the farm Ormsstaðir in the nearby Dalasýsla district, where he was a teacher and museum custodian. Throughout his life he collected for and cared for the local museum. These campaigns, which would provide some 1000 objects of historical significance, marked the origin of the Regional Museum of Snæfellsnes- and Hnappadalssýsla, which dates from 1956. For many years, the collection was stored in the regional library in Stykkishólmur awaiting suitable premises.

At the initiative of the Regional Museum Committee the county council of Snæfellsnessýsla decided to acquire the Norwegian House in 1970 with a view to making it a Regional Museum. A Museum Committee was set up, comprised of Gunnar Guðbjartsson, Karl Magnússon and Bjarni Sigurðsson, and later Ágúst Bjartmars. As the house clearly needed extensive renovation, that same year the committee contacted National Antiquarian Þór Magnússon to request his assistance and advice in restoring the building as close to its original state as possible. The National Antiquarian entrusted the artist Hörður Ágústsson to supervise the project, which was probably a stroke of luck for those involved, as Hörður was an ardent proponent of building conservation

and interested in the house itself. He strongly urged that the task be done with extreme care, as he expected that the Norwegian House and its restoration would be a model for other building restorations in the future. It must be remembered that in those years the idea of preserving buildings was a relatively new concept in Iceland.

Work on the house was largely completed in 1987 and it was opened to the public with an official ceremony attended by the President of Iceland, Vigdís Finnbogadóttir. In 1991 the first director was engaged for the museum and it was opened for exhibitions. Later it was decided to show how the home of a wealthy family, reflecting the recent advent of village life in Iceland, would have looked. This exhibition was opened in 2001 and is now the museum's permanent exhibition. Efforts were directed at presenting as clear a picture as possible of the home of Árni Thorlacius and his wife Anna. One of the designers of the exhibition, Steinþór Sigurðsson, was himself born in the Norwegian House. He collected the furnishings for the exhibition and their arrangement.

Today, the museum's collection numbers some 6000 artefacts, dating primarily from the first half of the 20th century. Special emphasis is placed on collecting objects from the surrounding region, not least those relating to trade, fishing and island farming. Everything pertaining to the Norwegian house and its inhabitants in the 19th and 20th centuries is also preserved.



# Saga Norska hússins

## - Stiklað á stóru

Árni Thorlacius (1802-1891) lét reisa Norska húsið í Stykkishólmi árið 1832. Viðina flutti hann sjálfur frá Arendal í Noregi á Stykkishólms-galíasnum Juliane. Var húsið tilhöggvið og sver sig í einu og öllu í ætt við hús sem komu frá Noregi á þessum tíma. Yfirsmiður var Jón Hjaltalín, frændi Árna, er numið hafði smíðar í Kaupmannahöfn og sest þar að. Árni kvaddi hann heim til að láta reisa húsið fyrir sig.

Norska húsið var með stærstu húsum sem reist voru á Íslandi á sinni tíð. Það var fyrsta og lengi vel eina tvílyfta íbúðarhús landsins. Húsið var í stíl við þau hús sem efnamikið fólk í Noregi reisti á svipuðum tíma. Hús af þessari stærðargráðu voru sjaldséð á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar.

Þegar Árni bjó í húsinu með eiginkonu sinni, Önnu Magdalenu Steenback (1807-1894), og fimm börnum voru stofur og vistarverur heimilisfólks á efri hæðinni en á neðri hæð hússins voru verslun, eldhús, mjólkurstofa og búr. Í risi hússins var geymsla. Einungis heimilisfólk bjó í Norska húsinu en vinnufólk bjó í Saurláturshúsi, torfbæ sem stóð suðaustan við húsið. Til er greinagóð lýsing Oscars Clausen á Norska húsinu eins og það var í tíð Árna og Önnu og gefur sú lýsing góða mynd af heimili heldra fólks á þessum tíma. Hún var einnig ómetanleg heimild við endurgerð hússins á 20. öld.

Norska húsið var í eigu fjölskyldunnar til aldamótanna 1900 og bjuggu Árni og Anna þar til æviloka. Fram eftir 20. öldinni skipti húsið nokkrum sinnum um eigendur og þjónaði bæði sem íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Meðal annars hýsti það saumastofu, verslun og gistihús en um skeið var það einnig fjölbýlishús. Árið 1970 festi sýslunefnd Snæfellinga kaup á Norska húsinu með það fyrir augum að færa húsið til fyrra horfs og hafa þar aðsetur Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Ákveðið var að færa efri hæð og ris hússins eins nálægt upprunalegri mynd og mögulegt var. Eftir að framkvæmdum lauk árið 1987 var á neðri hæð hússins fyrst húsvarðaríbúð, sýningarrými og geymsla en í dag eru þar sýningarsalir, geymsla, verslun og skrifstofa og hefur herbergjaskipan þar einnig verið færð í upprunalegt horf.



### The Norwegian House - A brief history

Árni Thorlacius (1802-1891), a local merchant and entrepreneur, built the Norwegian House in Stykkishólmur in 1832. He imported the timber himself from Arendal, Norway, on his own merchant vessel, the galias Juliane. The pre-hewn timber structure is typical of such buildings imported from Norway during this period. Árni's cousin, Jón Hjaltalín, a trained carpenter living in Copenhagen, supervised the construction after Árni summoned him back to Iceland to build the house.

The Norwegian House was one of the largest houses built in Iceland in its time. It was the first, and for some time the only, two-storey residence in Iceland. Its size and style echoes that of the houses built by the better-off in Norway at the time and was a rare sight in early 19th-century Iceland.

When Árni lived in the house with his wife, Anna Magdalena Steenback (1807-1894), and their five children, they occupied the living rooms and bedrooms on the upper floor, while the lower floor of the house was the merchant's store, kitchen, dairy and pantry. The attic served as a storeroom. Only the family itself lived in the Norwegian House, while the servants' lived in Saurláturshús, a turf farmhouse to the southeast of the building. A fairly detailed contemporary description of the Norwegian House in the days of Árni and Anna by another merchant and writer, Oscar Clausen, provides good insights into the life of a family of means at this time. It also served as an invaluable source for the reconstruction of the house.

The Norwegian House was owned by the family until the turn of the 20th century; Árni and Anna lived there until the end of their lives. During the 20th century the house changed hands several times, serving as both a residence and commercial building. Among other things, it was a sewing workshop, retail store and guesthouse. And for a time the residence of several households. In 1970 the county council of Snæfellsnessýsla purchased the Norwegian House, with a view to restoring it to serve as the regional museum for the Snæfellsnes- and Hnappadalssýsla district. A decision was taken to restore the upper and attic floors as closely as possible to their original state. Following their completion in 1987, the lower floor of the building housed the caretaker's residence, exhibition room and storage. Today it contains exhibition rooms and the museum shop and office, following the internal layout of the original structure.



# Byggingarstíll Norska hússins

Heimildir eru fyrir því að tilsníðin hús hafi verið flutt frá Noregi öldum saman. Meðal þeirra var Auðunarstofa, reist á 14. öld. Á 18. og 19. öld færðist í vöxt innflutningur á tilsníðnum húsum frá Noregi. Húsin voru hönnuð í norskum timburverksmiðjum, efnið var svo sent fullunnið til útskipunar og samsetningar og sett saman hér á landi. Voru þessi hús gjarnan kölluð katalóghús. Dæmi um slíkt hús frá svipuðum tíma er hús Lærða skólans í Reykjavík, nú Menntaskólans í Reykjavík.

Norska húsið er tvílyft stökkbyggt timburhús og stendur á steinlímdu grjótsökkli. Grunnflötur hússins er 15,4 x 9,5 metrar, 5,2 metrar eru undir þakskegg og 9 metrar undir mæni. Útveggir og þverveggir í miðju eru stökkbyggðir og hver stökkur er u.þ.b. 8 x 9 tommur í þvermál. Veggir eru klæddir vatnslæðningu. Einn reykháfur er á húsinu. Húsið er með rismiklu valmáþaki, þ.e. með rispaki sem er með jöfnum halla á fjóra vegu.

Húsið sver sig í ætt við nýklassísk norsk hús frá fyrri hluta 19. aldar. Útlitið er reglubundið, einfalt og samhverft um miðju. Dyra- og gluggaumbaúnaður er eftir klassískri hefð og átrúðugluggar í hverju fagi. Annað skraut og útfærsla á húsinu er þó mun einfaldara í sniðum

en á sams konar húsum í Noregi, á sama hátt og nýklassísk norsk hús eru einfaldaðar útgáfur af steinhúsum meginlands Evrópu. Þakvirki Norska hússins, svokallað áspak á sperrum, á sér langa hefð í Noregi. Á norsk hús var gjarnan notuð steinskífa og þaksteinn en Norska húsið hefur lengst af haft tjargað timburþak.

Með tímanum tók Norska húsið miklum breytingum og færðist frá hinni upprunalegu mynd en með endurgerðinni var leitast við að koma húsinu aftur til fyrra útlits.




## Building style of the Norwegian House

According to historical sources, pre-hewn timber structures were imported to Iceland from Norway for centuries. The recently reconstructed Auðunarstofa was built in the 14th century by a Norwegian Bishop at Hólar, in North Iceland, with timber he brought from Norway. In the 18th and 19th centuries, imports of ready-made buildings from Norway increased. These houses were designed and pre-fabricated in Norwegian lumber mills and completed materials shipped for subsequent assembly in Iceland. They were commonly referred to as “catalogue houses”. The Latin School in Reykjavík, now Reykjavík Junior College, is an example of this type of building from around the same time.

The Norwegian house is a double-storey building of squared logs resting on a mortared stone foundation. The floor area is 15.4 by 9.5 metres, with the eaves 5.2 metres high and the roof beam 9 metres from the ground. The hewn logs of the external and centre walls are approximately 8 x 9 inches across. The external walls have cladding on the outside. A single chimney tops the imposing hip roof of the house.

It resembles closely neoclassical Norwegian houses from the early 19th century, with its regular, simple and symmetrical style. The door and window frames also reflect classical tradition, with each window comprised of eight panes of glass. However, in its decoration and design the house is somewhat simpler than similar houses in Norway, just as neoclassical buildings in Norway are simplified versions of stone buildings in continental Europe. The roof construction, with the ridge board supported by rafters and horizontal beams, has a long tradition in Norway. While Norwegian houses usually were roofed with slate or roofing tiles, for most of its life the Norwegian House had a tarred wooden roof.

Through the decades, the Norwegian House changed dramatically and became quite unlike its original image, but the restoration sought to return the house to its former appearance.



# Notagildi og sérstaða Norska hússins

Hörður Ágústsson rannsakaði sögu Norska hússins í þaula og fjallaði hann meðal annars um húsið með tilliti til þriggja þátta, sem kalla má höfuðþætti húsagerðarlistar; þ.e. tækni, notagildis og listfengis. Hér verður ekki fjallað um byggingartækni Norska hússins en frekar skoðaðir hinir þættirnir, þ.e. notagildi og listfengi.

Húsið var fyrst og fremst íbúðarhús Árna og fjölskyldu hans en einnig var verslun á neðstu hæðinni. Segja má að skipulag Norska hússins greini húsið frá sambærilegum húsum í Noregi. Þar voru alla jafna svefnherbergi og skrifstofur uppi en á neðri hæðinni dagstofur og veislusalir. Hlutverk Norska hússins breyttist svo þegar fram liðu stundir, þar var til að mynda pakkhús Kaupfélagsins, rakarastofa og nú síðast byggðasafn svo fátt eitt sé nefnt. Þannig breyttist notagildi húsa eftir þörfum hverju sinni.

Fáir efast um listrænt gildi Norska hússins. Það vekur athygli að grunnmynd Norska hússins er í fullkomnu gullinsniðs-hlutfalli. Segja má að hin listræna útfærsla hússins nái hámarki í hurð og dyraumbúnaði að framanverðu. Þar er formmótunin rómversk-klassísk og gluggar eru með sama formi. Húsið er listaverk og er einstætt að gerð í íslenskrri byggingarsögu.

## 🇬🇧 The usefulness and uniqueness of the Norwegian House

Hörður Ágústsson's detailed research on the history of the Norwegian House was focused in part on three factors, which could be described as the core aspects of architecture, i.e. technology, utility and aesthetics. Little discussion will be directed here at the construction technology of the Norwegian House; instead the focus will be on the other two aspects, i.e. utility and aesthetics.

Although the house was primarily the home of Árni and his family, there was also a shop on the bottom floor. The layout of the Norwegian House could be said to set it apart from similar houses in Norway. As a rule, those houses had bedrooms and offices upstairs and living rooms and reception rooms on the ground floor. As time progressed, the role of the Norwegian House changed: it housed, for instance, the stockroom of the local co-op,

a barber shop and most recently, the Regional Museum, just to mention a few occupants. It illustrates how the utilisation of buildings changes as needs change.

Few people would doubt the aesthetic value of the Norwegian House. It is worth noting that the dimensions of its base are a perfect golden section. The artistic design of the house reaches its peak in the door and window frames on the front. Both exhibit the classical Roman form, as do the windows. The house is a work of art and is unique in Icelandic architectural history.





# Húsvernd: Gluggi til fortíðar, gersemar nú tíðar og arfur framtíðar

Þótt íslenskur byggingararfur sé ekki ýkja umfangsmikill og fáar byggingar eldri en 150 ára hafi varðveist, er arfurinn Íslendingum mikilvægur. Hann er gluggi til fortíðar og tengir þannig saman nútíð og fortíð. Byggingar sem varðveist hafa eru hluti af íslenskum menningararfi og ef landsmenn bera gæfu til að standa vel að húsvernd í framtíðinni má varðveita menningarsögulegt gildi húsa fyrir komandi kynslóðir.

Segja má að straumhvörf hafi orðið í þróun húsverndar hér á landi þegar ný þjóðminjalög tóku gildi árið 1969. Í lögnum var meðal annars fjallað sérstaklega um friðun húsa og annarra mannvirkja og skyldi Húsafriðunarnefnd sjá um þá starfsemi. Er nefndin tók til starfa hóf hún að afla sér upplýsinga um hús sem talin voru hafa menningarsögulegt gildi. Nefndin skoðaði jafnframt hvernig mætti vinna að friðun og varðveislu þeirra. Strax á fyrsta starfsári lagði nefndin til að friðuð yrðu tvö hús, Vöruskemman í Ólafsvík og Norska húsið í Stykkishólmi. Næstu hús sem lagt var til að yrðu friðuð voru Alþingishúsið, Dómkirkjan í Reykjavík og Safnahúsið við Hverfisgötu.

Á þessum tíma var hafist handa við að vinna húsakannanir víða um land. Húsakönnun er byggingarlistarleg, bygg-

ingarsöguleg og byggingarumhverfisleg rannsókn á húsabyrpingum í þorpum, bæjum eða borgum. Markmið hennar er tvíþætt, annars vegar að benda á hús eða samstæður húsa sem vert er að huga að vegna menningarsögulegs gildis þeirra og hins vegar að þjóna sem eins konar hjálpartæki skipulagsyfirvalda þegar þarf að endurskoða og endurskipuleggja gömul hverfi. Gefin var út húsakönnun fyrir Stykkishólm árið 1978 sem unnin var af Herði Ágústssyni. Við gerð hennar naut Hörður aðstoðar Jóhanns Rafnssonar, sem safnaði í mörg ár gömlum ljósmyndum af Stykkishólmi og höfðu þær mikla þýðingu fyrir rannsóknina. Segja má að rannsókn Harðar hafi átt stóran þátt í þeim áhuga sem verið hefur á viðhaldi gamalla húsa í Stykkishólmi.



## **Architectural conservation A window on the past, treasure in the present and heritage of the future**

Even though Iceland's architectural heritage is not so very extensive, and few structures over 150 years have been preserved, this heritage is important for Icelanders. It is a window on the past, linking it with the present. The buildings which have been preserved are part of the Icelandic cultural heritage and, if Icelanders make the effort to preserve their historical buildings diligently, this cultural value can be passed on to coming generations.

The entry into force of the National Heritage Act in 1969 marked a turning point in architectural conservation. Among other things, the Act provided specifically for protection of houses

and other structures by a Building Heritage Committee. The Committee began its work by gathering information on buildings considered to be of cultural historic significance. At the same time, it examined how efforts could be directed at their protection and preservation. In its first year of operation the Committee proposed protecting two buildings, the Warehouse in Ólafsvík and the Norwegian House in Stykkishólmur. This was followed by proposals to protect Parliament House, the Cathedral in Reykjavík and the former National Library building (now the Culture House) on Hverfisgata.

Around this time work began on architectural surveys throughout Iceland. Architectural surveys consist of an investigation of the architecture, historical construction and architectural context of building clusters in villages, towns and cities. Its objectives are twofold: firstly, to point out buildings or groups of buildings which are worthy of conservation because of their cultural and historic value and, secondly, to serve as an aid for planning authorities when older neighbourhoods need to be reviewed and reorganised. An architectural survey for Stykkishólmur was published in 1978, prepared by Hörður Ágústsson. Hörður was assisted by Jóhann Rafnsson, who for many years had collected old photographs of Stykkishólmur, which contributed greatly to the investigation. Hörður's study can be said to have played a major role in the interest which arose in preserving older buildings in Stykkishólmur.



# Varðveislugildi húsa

Varðveislugildi húsa er oftast margþætt. Hús getur haft ákveðið varðveislugildi vegna aldurs, sögulegs heimildargildis eða annarrar sérstöðu. Enn fremur getur hús verið varðveitt vegna þess að um fallega byggingarlist sé að ræða eða vegna þess að það standi sem tákn fyrir ákveðnar hugmyndir eða sem minning um fólk eða atburði. Þá geta hús, sem hafa lítið varðveislugildi ein og sér, verið ómissandi hluti af heild.

Við viðhald og viðgerðir á friðuðum húsum og húsum með varðveislugildi verður að hafa nokkur grundvallaratriði í huga:

- Mikilvægter að varðveita sem mest af öllum hlutum byggingarinnar. Breyta skal sem minnstu og ráðast aðeins í nauðsynlegar framkvæmdir.
- Nota skal hefðbundin efni, útfærslu og vinnuaðferðir.
- Ef nauðsynlegt er að ráðast í breytingar er betra að bæta einhverju við en að fjarlægja upphaflega eða gamla byggingarhluta.
- Hulda hluti byggingarinnar er jafn mikilvægt að varðveita og vinna að með natni og þá sýnilegu, því þeir hafa jafn mikið sögulegt gildi.
- Í sumum tilfellum er mikilvægt að varðveita breytingar og viðbætur, því þær geta sagt til um sögu húss, breytingar á notkun þess og útliti.

Mikilvægustu upplýsingarnar um byggingarstefnu, vinnuaðferðir og efni felast í sögu hvers húss og í umhverfinu, miklu fremur en í bókum og reglugerðum. Viðhalds- og viðgerðarvinna verður því að ráðast af hverri byggingu fyrir sig. Reglulegt og skipulagt viðhald er besta og ódýrasta aðferðin til að varðveita hús. Enn fremur er best að þau séu í notkun í stað þess að þau standi auð.



## Value of buildings as heritage

The value of buildings as heritage most often derives from many factors: their age, significance as a historical source or other special characteristics. Furthermore, buildings can be preserved because of their attractive architectural style or because they symbolise certain ideas or recall people or events. Houses which in themselves have scant value as heritage can also be an essential part of a whole.

When maintaining and restoring protected buildings and buildings with heritage value, some basic considerations must be borne in mind:

- It is important to preserve as much as possible of all parts of the building. Any changes must be kept to a minimum and only the necessary construction undertaken.
- Traditional materials, designs and working methods should be used.
- If it is necessary to make changes, it is better to add something than to remove original or older parts of the building.

- The hidden parts of the building are equally important to preserve and treat carefully as visible ones, because their historical value is just as great
- In some cases, changes and additions need to be preserved, as they can reveal the history of the building, changes in its use and appearance.

The most significant information about building policy, working methods and materials is found in the history of each house and its environment, much more than in books and regulations. Maintenance and restoration work must therefore be designed for each individual building. Regular, organised maintenance is the best and cheapest method of conserving buildings. In addition, it is preferable for them to be in use than to stand empty.



# Endurgerð Norska hússins

Viðgerð á Norska húsinu hófst árið 1972. Yfirsniður var þá Hannes Stígsson en hann vann í húsinu til ársins 1975. Honum var falið að vinna að ytra byrði þess, sem m.a. fólst í að fjarlægja kvist, þakglugga og bárujárni sem voru seinni tíma viðbætur. Framkvæmdir töfðust í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum 1973 þegar tvær fjölskyldur fluttu tíma-bundið inn í húsið. Framkvæmdir hófust aftur árið eftir og var þá t.d. Stórisúr á austurhlíð hússins fjarlægður og annar minni byggður í staðinn. Við það verk var höfð til hliðsjónar ljósmynd frá því um aldamótin 1900 en slíkar heimildir voru ómetanlegar við endurgerð Norska hússins.

Árið 1978 var Lárus Pétursson smiður ráðinn til að vinna að húsinu og vann hann að því með hléum til ársins 1987. Strax og Lárus hóf störf var haldið kerfisbundið áfram að rífa niður allar seinni tíma viðbætur. Jón Svanur Pétursson var síðar ráðinn til að annast málningarvinnu. Sigurþór Guðmundsson sá um rafmagnsvinnu í húsinu og Eggert Sigurðsson um veggfóðrun.

Allt kapp var lagt á að húsið líktist sem mest því húsi sem Árni Thorlacius lét smíða árið 1832, að innan sem utan. Notast var m.a. við lýsingar samtímanna á húsinu og gamlar ljósmyndir en ekki síst við það sem iðnaðarmennirnir fundu þegar byrjað var að fjarlægja lög af seinni tíma viðbótum og viðgerðum. „Hver gömul spýta var endurnýtt á þeim stað sem hún hafði verið í öndverðu. Væri hún skemmd, var fellt í hana eða sponsað og það sem á vantaði sniðið eftir upprunalegri gerð“, sagði Hörður Ágústsson. Þessi orð eru góð vísbending

um þá metnaðarfullu vinnu sem lögð var í endurgerðina og lýsti Lárus Pétursson, ferlinu á svipaðan hátt.

Slík vinnubrögð töfðu vitaskuld allt ferlið en á sama tíma hlaut endurgerðin að verða glæsilegri fyrir vikið. Jón Svanur lagði mikla vinnu í að finna og blanda þá liti sem upprunalega voru á veggjunum. Meðal annars voru veggfóðursleifar, sendar til Noregs þar sem gerð var eftir þeim nákvæm eftirlíking. Hurðarhúnar og lykillauf voru smíðuð eftir upprunalegum eintökum sem fundust og þegar Hörður Ágústsson fór til Noregs kom hann til baka með ofn sem samsvarar stíl þess tíma sem Norska húsið var byggt. Ofninn fékk hann hjá norskum bónda og prýðir hann nú bláu stofuna á efri hæð hússins.

## Restoration of the Norwegian House

Restoration work on the Norwegian house began in 1972. Head carpenter Hannes Stígsson worked until 1975 on the external parts of the building, including the removal of gables and roof windows and corrugated iron cladding which had been added to the original structure. Reconstruction was delayed following the volcanic eruptions in the Westman Islands in 1973, when two families uprooted by the event moved into the house temporarily. The following year work began again with the removal of a large shed on the east side of the house, which was replaced by another smaller one. This work was based on a photograph taken around 1900. Such sources were invaluable for the restoration work on the Norwegian House.

In 1978 another carpenter, Lárus Pétursson, took over the project and would continue, with some interruptions, until 1987. Systematic efforts now began to remove all later additions to the original structure.

Every effort was made to have the house resemble as closely as possible the home that Árni Thorlacius had built in 1832, both inside and out.

The craftsmen referred, among other things, to contemporary descriptions of the house and old photographs, as well as things discovered when removing layers of more recent additions and repairs. “Every old stick was reused in the place where it had originally been. If it were damaged, it was filled or bunged, and any missing bits were created following the original model,” said Hörður Ágústsson. These words are a good indication of how ambitious the reconstruction work was. The carpenter Lárus Pétursson told a similar story of the detailed process.

Such working procedures naturally made for slow progress but made the restored building all the more impressive. Extensive efforts went into determining and mixing paints in the original colours of the walls. Remains of original wallpapers were sent to Norway, where exact reproductions were manufactured. Door handles and key plates were crafted from original specimens discovered. Hörður Ágústsson even returned from a trip to Norway with a wood furnace dating from the time of the house’s construction. The furnace, which he had obtained from a Norwegian farmer, now he adorns the blue living room on the upper floor.



# Endurgerð Norska hússins

Ein af áskorunum við endurgerð Norska hússins var að gera sér grein fyrir hvernig útidyr og umbúnaður þeirra hefði verið þegar húsið var smíðað, því hann var löngu horfinn. Á ljósmynd frá árinu 1925 var hægt að sjá hvernig dyraumbúnaður hafði verið og var hún höfð til hliðsjónar við endurgerð þeirra.

Snemma á viðgerðarstigi var ákveðið að endurgera efri hæð hússins sem næst upprunalegu útliti. Öðru máli gegndi um neðri hæð hússins. Norska húsið er fyrst og fremst byggðasafn og þ.a.l. verður aðstaða fyrir sýningar og geymslu að vera fyrir hendi. Við innréttingu neðri hæðarinnar var höfð hliðsjón af endurgerðinni á efri hæðinni þótt hún sé öllu látlausari. Þá þótti einnig mikilvægt að hafa safnvarðaríbúð í húsinu og var hún innréttuð á neðri hæðinni en svo tekin niður árið 1996.

Um miðbik tíunda áratugarins réð Magnús Skúlason framkvæmdarstjóri Húsafriðunarnefndar, Jon Nordsteien arkitekt til þess að sinna þeim framkvæmdum sem átti eftir að ljúka á neðri hæð hússins og umhverfis það og sá Jon um þessar framkvæmdir næstu árin. Meðal annars var skipt um þak á húsinu og sett á það timburþak af upprunalegri gerð og suðurhlið hússins endurnýjuð. Herbergjaskipan á jarðhæð hússins var færð til upprunalegs horfs og tekinn var í notkun nýr sýningarsalur. Þá var krambúð safnsins færð í upprunalegt rými og árið 2004 voru smíðaðar í hana innréttingar. Einnig var eldstæði í eldhúsi endurgert. Fjöldi aðila kom að þessu verki, Skipavík ehf. sá um smíðavinnu, yfirsmiður var Páll Hjaltalín. Jón Svanur Pétursson sá um málningarvinnu og

Sigurþór Guðmundsson rafmagnsvinnu. Ágúst Guðmundsson múrarmeistari, sá um endurgerð á eldstæði og Helgi Haraldsson vann við pípulagnir. Einnig hefur Þorkell Ingi Þorkelsson komið að málningarvinnu á húsinu að innan og utan.

Þegar ráðist er í endurgerð á gömlu húsi eins og Norska húsinu er að sjálfsögðu ekki unnt að gera allt í nákvæmri eftirmynd upprunalega hússins. Þarfir fólks hafa breyst með nýrri tækni og nútímamaðurinn krefst nútímaþæginda, s.s. salernisaðstöðu og rafmagns. Slíkt er ekki aðeins munaður heldur nauðsyn ef reka á safn í húsinu. Endurgerð Norska hússins var öllum þeim sem að henni komu og bæjarfélaginu til mikils sóma. Öll vinnan var einstaklega vönduð og er húsið öðrum gömlum húsum sem síðar voru endurgerð mikil fyrirmynd, rétt eins og Hörður Ágústsson spáði fyrir um.



## Restoration of the Norwegian House

One of the challenges in restoring the Norwegian House was to determine how the front door and framework surrounding it had looked when the house was built, as this had long since disappeared. A photograph from 1925, showing the original doors and woodwork, was used as reference in their re-creation.

Early in the restoration process a decision was taken to have the upper storey of the building resemble the original as closely as possible. The lower floor was a different matter. Since the Norwegian House is primarily a regional museum, facilities are needed for exhibitions and storage. The furnishings of the lower floor reflect the restoration of the upper floor although they are less detailed and extensive. An apartment was also provided for the museum custodian on the lower floor, but removed in 1996.

In the mid-1990s, the director of the Architectural Conservation Committee Magnús Skúlason appointed the architect Jon Nordsteien to manage

the completion of projects on the lower floor of the house and its surroundings, which were carried out in the next few years. This included replacing the roof with a timber roof of the original type and the restoring the south wall of the building. The arrangement of the rooms on the ground floor was returned to that of the original house and a new exhibition hall opened. The museum shop was also moved to the location of the original store and provided with shelves and cabinets, and the hearth in the kitchen restored. A great number of craftsmen made their contributions to all this extensive work.

It goes without saying that, when older buildings like the Norwegian House are restored, not everything can be an exact replica of the original. People's needs have changed with new technology, and modernity requires modern comforts, such as toilet facilities and electricity. This is not merely a luxury but a basic necessity for a living museum. The restoration of the Norwegian House is a credit to all those persons who contributed to it and does honour to the municipality. All the work was done with exceptional care and would serve as a model to be followed for subsequent restorations, just as its original proponents had predicted.